



Reykjavík, 13. ágúst 2018
VEL2018080003

Borgarráð
Ráðhúsi Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 REYKJAVÍK

Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokksins, Miðflokksins og Flokks fólksins um skilgreiningu á félagslegri íbúð og einstaklingi sem er utangarðs - R18070088

Þann 31. júlí 2018 var lögð fram í borgarráði svohljóðandi fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokksins, Miðflokksins og Flokks fólksins:

a. Hver er skilgreining á félagslegri íbúð? b. Hver er skilgreiningin á einstaklingi sem er utangarðs?

Svar:

a. Engin skilgreining er á félagslegri íbúð skv. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 en 45 gr. laganna hljóðar svo: „Sveitarstjórnir skulu, eftir því sem kostur er og þörf er á, tryggja framboð af leiguhúsnæði, félagslegu kaupleiguhúsnæði og/eða félagslegum eignaríbúðum handa þeim fjölskyldum og einstaklingum sem ekki eru á annan hátt færir um að sjá sér fyrir húsnæði sökum lágra launa, þungrar framfærslubyrðar eða annarra félagslegra aðstæðna“. Í drögum að nýjum reglum um félagslegt leiguhúsnæði í Reykjavík er með félagslegu leiguhúsnæði átt við almennt félagslegt leiguhúsnæði, húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk, húsnæðisúrræði fyrir einstaklinga sem eiga við áfengis- eða fíknivanda að stríða og þjónustuíbúðir fyrir aldraða:

Almennt félagslegt leiguhúsnæði er ætlað þeim fjölskyldum og einstaklingum sem ekki eru á annan hátt færir um að sjá sér fyrir húsnæði sökum félagslegra aðstæðna, þungrar framfærslubyrðar og lágra launa. Með almennu félagslegu leiguhúsnæði er átt við hverja þá íbúð í eigu Félagsbústaða hf. sem ekki er sérstaklega skilgreind sem þjónustuíbúð aldraðra, húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk eða húsnæðisúrræði fyrir utangarðsfólk. Jafnframt fellur hér undir húsnæði sem Reykjavíkurborg leigir til einstaklinga þar sem umsýsla er á vegum Félagsbústaða hf.

Húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk er íbúðarhúsnæði sem gert hefur verið aðgengilegt fyrir tiltekna notkun eða skilgreint sérstaklega fyrir tiltekinn hóp fatlaðs fólks. Sértek húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk eru ætluð þeim sem ekki eru á annan hátt færir um að

sjá sér fyrir húsnæði sökum fötlunar og þurfa umfangsmikla aðstoð og stuðning til að geta búið á eigin heimili.

Húsnæðisúrræði fyrir einstaklinga með fíknivanda (sértæk húsnæðisúrræði fyrir utangarðsfólk) er íbúðarhúsnæði sem gert hefur verið aðgengilegt fyrir tiltekna notkun eða skilgreint sérstaklega fyrir þann hóp einstaklinga sem eiga við fíknivanda að stríða. Um er að ræða húsnæði sem er ætlað þeim sem ekki eru á annan hátt færir um að sjá sér fyrir húsnæði sökum alvarlegs fíknivanda og/eða geðrænna erfiðleika og ástand viðkomandi hamlar því að hann geti búið í almennu félagslegu leiguhúsnæði og viðkomandi þarf því á sértækri þjónustu að halda.

Með þjónustuíbúð aldraðra er átt við félagslegt leiguhúsnæði sem sérstaklega er ætlað öldruðum, sbr. 4. tl. 13. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999. Sama gildir um íbúðir fyrir aldraða sem úthlutað er á grundvelli sérstakra samninga við velferðarsvið Reykjavíkurborgar. Þjónustuíbúðir aldraðra eru ætlaðar þeim sem þurfa aðstoð og stuðning til að geta búið á eigin heimili, sbr. 1. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999.

b. Í stefnu Reykjavíkurborgar í málefnum utangarðsfólks 2014-2018 teljast þeir utangarðs sem falla undir skilgreiningu félagsmálaráðuneytis um húsnæðislauslausa:

„Húsnæðislaus er sá sem ekki hefur aðgang að hefðbundnu húsnæði, hann hefur ekki húskjól að staðaldri á sama stað og gistir þar sem kostur er hverja nótt, þar með talið í gistiskýli, á gistiheimili eða inni á öðru fólki. Þeir sem koma úr tímabundnu húskjöli, svo sem úr fangelsi eða úr vímuefnamedferð, eiga sögu um margháttaða húsnæðis- og félagslega erfiðleika og eiga ekki tryggt húskjól einum til tveimur mánuðum áður en þeir fara úr hinu tímabundna húsnæði, eru taldir hér með,“ (Félagsmálaráðuneytið, 2005).

Skilgreining félagsmálaráðuneytisins á húsnæðisleysi frá 2005 var sett saman af samráðshópi sem var skipaður af þáverandi félagsmálaráðherra. Í skýrslu um stefnu í málefnum utangarðsfólks 2014-2018 eru orðin utangarðsfólk og heimilislausir notuð samhliða (Stefna Reykjavíkurborgar í málefnum utangarðsfólks 2014-2018, 2014).

Í rannsóknum 2009, 2012 og 2017 á fjölda og högum utangarðsfólks í Reykjavík var auk skilgreiningu félagsmálaráðuneytisins frá árinu 2005 notaðir sex af þrettán þáttum ETHOS (European typology of homelessness and housing exclusion) skilgreiningarinnar á heimilisleysi sett fram af framkvæmdastjórn Evrópusambandsins:

1. Einstaklingar sem búa á víðavangi við slæmar aðstæður/skilyrði (living rough)
 - a. Opinber rými/svæði og/eða úti við. Viðkomandi býr á götunni eða í opinberu rými/opinberum stöðum í óþökk og/eða leyfisleysi sem ekki telst viðunandi til dvalar.
2. Einstaklingar sem búa í neyðarskýlum.
 - a. Gistiskýlið og Konukot. Viðkomandi á hvergi fastan dvalarstað og nýtir sér þjónustu gistiskýla á næturnar.
3. Einstaklingar sem búa í athvörfum fyrir konur eða í Kvennaathvarfi. Viðkomandi dvelur tímabundið í athvarfi vegna ofbeldis heima fyrir og á

ekki afturkvæmt.


4. Einstaklingar sem eru að ljúka stofnavist innan þriggja mánaða. Fangelsi, sjúkrastofnanir, meðferðarstofnanir og áfangaheimili. Nánari útskýring: Gera má ráð fyrir að viðkomandi verði utangarðs að sjúkrahúsi eða afplánun lokinni þar sem ekki er vitað um neinn ákveðinn dvalarstað sem viðkomandi mun dvelja á. Viðkomandi dvelur jafnvel lengur á stofnuninni en þörf er á vegna skorts á húsnæði.
5. Utangarðsfólk sem nýtur langtímahúsnæðisúrræðis vegna heimilisleysis. Stuðningsambýli fyrir utangarðs einstaklinga. Langtímabúsetu- og stuðningsúrræði.
6. Einstaklingar sem búa við ótryggar aðstæður. Tímabundið hjá fjölskyldu og/eða vinum eða í ólöglegu húsnæði. Viðkomandi dvelur í hefðbundnu húsnæði tímabundið og/eða án formlegs leigusamnings eða býr í húsnæði sem ekki telst viðunandi til dvalar. Viðkomandi er þar með í áhættuhóp á að verða utangarðs (Elín Sigríður Gunnsteinsdóttir, 2017).

Í erindisbréfi stýrihóps sem ætlað er að taka á vanda ofangreindra hópa er eitt af verkefnum hópsins að skilgreina hugtök sem notuð eru í þjónustu við einstaklinga sem eiga við fjölþættan félagslegan vanda að stríða.

Heimildir

- Elín S. Gunnsteinsdóttur og Erla G. Sigurðardóttir (2009). *Kortlagning á fjölda og högum utangarðsfólks í Reykjavík*. Reykjavík: Velferðarsvið Reykjavíkurborgar.
- Elín S. Gunnsteinsdóttur (2017). *Kortlagning á fjölda og högum utangarðsfólks í Reykjavík*. Reykjavík: Velferðarsvið Reykjavíkurborgar.
- Erla Björg Sigurðardóttir (2012). *Kortlagning á fjölda og högum utangarðsfólks í Reykjavík*. Reykjavík: Velferðarsvið Reykjavíkurborgar.
- Félagsmálaráðuneytið. (2005). *Skýrsla samráðshóps um heimilisláusa: aðstæður húsnæðislausra í Reykjavík og tillögur til úrbóta*.
- Reykjavíkurborg (2014). *Stefna í málefnum utangarðsfólks 2014-2018*. Reykjavík: Velferðarsvið Reykjavíkurborgar.

Virðingarfyllt



Regína Ásvaldsdóttir
sviðsstjóri